

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 163/1993.

Haraldur Jóhannsson

(sjálfur)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Skaðabætur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. apríl 1993. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér bætur, að fjárhæð 5.180.724 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Að ósk áfrýjanda hefur mál þetta verið flutt skriflega fyrir Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldur Jóhannsson, greiði stefnda, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. mars 1993, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 19. nóvember 1991 af Haraldi Jóhannssyni, kt. 070726-2469, Mánagötu 11, Reykjavík, á hendur fjármálaráðherra,

Friðriki Sophussyni, kt. 181043-4669, fyrir hönd ríkissjóðs, til greiðslu bóta, kr. 5.180.724,00.

Af hálfu stefnda er gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati réttarins auk virðisaukaskatts af dæmdum málskostnaði skv. lögum nr. 50/1988 og dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, af dæmdum málskostnaði að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

I.

Stefnandi kveður dómkröfuna svara til þriggja ára launa sem nemi kr. 5.180.724,00. Sé bóta krafist fyrir brottrekstur úr starfi hagfræðings í Framkvæmdastofnun ríkisins í júlí 1977 vegna ásakana um brot í starfi, einvörðungu þó varðandi vinnutíma, sem settar hafi verið fram í bréfi framkvæmdastjóra áætlunardeildar stofnunarinnar til stefnanda, dagsettu 3. febrúar 1977. Ásakanir þessar hafi verið ómerktar í dómsorðum 19. febrúar 1990 í máli nr. 554/89 fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Eftir móttöku ofanefnds bréfs forstöðumanns áætlunardeildar hafi stefnandi átt viðræður við forráðamenn Framkvæmdastofnunarinnar um stöðu sína og lúkningu mannaflaspár, sem hann vann að, en upp úr þeim viðræðum hafi slitnað. Til að fá leiðréttingu sinna mála kveðst stefnandi hafa höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, dómtekið 11. október 1977, en því hafi verið vísað frá sakir þess formgalla, að bótakröfur hans hafi verið í fjölda mánaðarlauna en ekki í upphæð í krónum. Með þeirri formbreytingu hafi málið verið lagt að nýju fyrir bæjarþing Reykjavíkur 4. apríl 1978. Stefnandi hafi fallist þá á boðna sátt í trausti þess, að honum yrði ekki vandfundið nýtt starf sem þjóðhagsfræðingur. Það hafi hins vegar farið á annan veg. Öllum umsóknum hans um slíkt starf hafi síðan verið hafnað, og telur hann sig í þeim efnum hafa galdið umsagnar Framkvæmdastofnunar og arftaka hennar. Tekur hann fram að engu sinni hafi verið að greinargerðum hans fundið í stofnuninni, hvorki munnlega né skriflega.

Af þeim ástæðum kveðst stefnandi hafa höfðað bótamál gegn arftökum Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bygðastofnun og Framkvæmdasjóði, með stefnu 2. mars 1987 fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en stefndu hafi verið sýknaðir vegna aðildarskorts með dómi 8. janúar 1988 og það staðfest með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 21. september 1989.

Þar næst kveðst stefnandi hafa höfðað mál gegn forstöðumanni áætlunardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins 1977, Helga Ólafssyni hagfræðingi, til ómerkingar þeim orðum í áður nefndu bréfi hans frá 3. febrúar 1977, sem höfð hafi verið að átyllu brottrekstrar stefnanda, og hafi þau verið dæmd

ómerk hinn 19. febrúar 1990, eins og að ofan segi. Stuttu síðar, í mars 1990, hafi þáverandi fjármálaráðherra gefið stefnanda, í viðtalstíma í fjármálaráðuneytinu, fyrirheit um samninga ráðuneytisins um bótageiðslur, en í viðtali í ráðuneytinu í maí 1991 hafi fjármálaráðherrann sagst ekki hafa getað til þeirra stofnað sakir fyrirstöðu lögfræðinga í ráðuneytinu.

III.

Stefnandi byggir málsókn sína á því að það sé afleiðing starfsloka hans í Framkvæmdastofnun ríkisins í júlí 1977, að hann hafi síðan þá ekki fengið atvinnu sem þjóðhagsfræðingur þrátt fyrir fjölmargar umsóknir. Telur hann að þessu valdi umsagnir forráðamanna stofnunarinnar og arftaka hennar eða orðspor eitt. Hann byggir enn fremur á því að ummæli í áminningarbréfi til hans sem uppsögnin sé réttlætt með, dags. 3. febrúar 1977, hafi verið ómerkt. Sá dómur er kveðinn upp í útivistarmáli á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 25. janúar 1990, en staðfest endurrit gefið út hinn 19. febrúar 1990.

Við munnlegan málflutning upplýsti stefnandi að hann hefði reynt að spyrjast fyrir um það hjá forráðamönnum Orkustofnunar og Þjóðhagsstofnunar, þar sem hann hefði sótt um störf, hvort leitað hefði verið umsagnar um hann hjá Framkvæmdastofnun ríkisins og hvort bréf hefði borist frá forráðamönnum hennar varðandi slíkt erindi. Kveður hann orkumálastjóra hafa vísað til skjalavarðar stofnunar sinnar, sem að athuguðu máli hefði gefið það svar, að slíkt bréf væri ekki að finna meðal skráðra skjala hennar, en ýtarleg skjalaskrá næði aðeins aftur til 1987 eða 1988. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar hefði í fyrstu talið að slík umsögn hefði borist, en næsta dag hefði hann tjáð stefnanda að ekkert slíkt bréf væri í vörslum stofnunarinnar og hefði hann þá ekki kannast við að hafa gefið slíkt í skyn daginn áður. Kvaðst stefnandi einnig hafa hringt í forstjóra Byggðastofnunar og spurst fyrir um það, hvort hann hefði verið beðinn um slíka umsögn. Forstjórinn hafi enga slíka beiðni sagst hafa fengið, síðan hann tók við forstöðu stofnunarinnar, og teldi hann að stofnunin varðveitti ekki slík bréf.

Kvaðst stefnandi í framhaldi af þessu hafa rifjað upp að þau ár, 1957-1960, sem hann hefði lítið eitt getað fylgst með slíkum málum, hefði upplýsinga um umsækjendur í ríkisstofnunum oftast verið aflað í símtölum, enda kunnugleiki með forstöðumönnum margra þeirra. Við þessar aðstæður og þar sem umsóknir í störf væru ekki settar í skjalasöfn, hefði hann talið, að það þjónaði ekki tilgangi að leiða vitni fyrir dóminn. Verði því að ráða af líkum hvort heldur umsagnir forráðamanna eða orðspor eitt hafi valdið því,

að stefnandi hafi ekki frá uppsögn sinni í Framkvæmdastofnun ríkisins fengið atvinnu sem hagfræðingur.

Hinn 7. júní 1978 var gerð sátt með Framkvæmdastofnun ríkisins og stefnanda um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar „vegna uppsagnar hans úr starfi“ við stofnunina. Segir í sáttinni að um fullnaðaruppgjör sé að ræða og að stefnandi dragi til baka mál er hann hafði höfðað vegna þessa. Slík sátt er að jafnaði bindandi fyrir aðila og endanleg lok deilu. Ómerkingardómur frá 25. janúar 1990 þykir ekki sem slíkur breyta forsendum framangreindrar sáttar. Stefnandi hefur ekki fært fram nein gögn, hvorki vitni né skjöl, hér fyrir dóminum er styðja þá fullyrðingu að tjón hans hafi reynst mun meira en áætla mátti við gerð sáttarinnar. Hann hefur ekki heldur sannað að uppsögnin eða eftirmál hennar hafi leitt til þeirra meintu ófyrirsjáanlegu afleiðinga, að hann hafi ekki síðan fengið annað starf sem þjóðhagsfræðingur. Sönnunarbyrði um þetta hvílir á stefnanda.

Orð aðila ein og sér nægja ekki til þess, að talið verði að slíkum líkum sé leitt að tjóni eða orsökum meints tjóns, að á því verði byggt í dómsmáli.

Stefnandi þykir ekki hafa sannað, gegn mótmælum stefnda, að frv. fjármálaráðherra hafi gefið honum loforð um bótageiðslu umfram það sem fólst í ofangreindri sátt.

Af þeim ástæðum, sem hér að framan hafa verið raktar, verður að telja ósannað að uppsögn hans hafi haft slíkar ófyrirsjáanlegar afleiðingar að forsendur sáttar þeirrar, er hann gerði við þáverandi vinnuveitanda sinn hinn 7. júní 1978, hafi brostið eða að hann eigi af þeim sökum sjálfstæða bótakröfu á hendur ríkissjóði. Verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Vegna þessarar niðurstöðu þykir ekki ástæða til að fjalla efnislega um þá málsástæðu stefnda að krafa stefnanda sé fyrnd.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.